

REGLUGERÐ

um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum með 200 íbúa og fleiri skulu vegir og götur teljast þjóðvegir samkvæmt 30. gr. vegalaga nr. 66/1975 svo sem hér segir (númer þjóðvegjar er tilgreint í sviga, eftir því sem við á):

Vík í Mýrdal:

Aðalgatan frá Suðurlandsvegi (1) austan Víkurár að verslunarhúsum VVS.

Hvolsvöllur:

Fljótshlíðarvegur (261) frá Suðurlandsvegi (1) um Hlíðarveg að læk austan sýslumannsbústaðar.

Hella:

Prúðvangur frá Suðurlandsvegi (1) norður fyrir hús Kaupfélagsins Þórs.

Vestmannaeyjar:

Skildingavegur frá Básaskersbryggju, Heiðarvegur, neðri hluti Strembugötu og Dalavegur að flugstöð; Kirkjuvegur frá Heiðarvegi, Hraunvegur að Stórhöfðavegi.

Stokkseyri:

Gaulverjabæjarvegur (33) frá Sandfelli að Baldurshaga. Holtsvegur (314) frá Gaulverjabæjarvegi (33) að Pálsbæ.

Eyrbakkí:

Eyrbakkavegur (34) frá efstu byggð að Aðalgötu. Aðalgata þaðan að kirkju og Búðarstígur að hafnargarði.

Selfoss:

Suðurlandsvegur (1) frá Ölfusárbrú um Austurveg að vegamótum Laugardæla-vegar vestri. Eyrbakkavegur (34) frá Suðurlandsvegi (1) að Fossheiði.

Hveragerði:

Breiðamörk frá Suðurlandsvegi (1) að Þelamörk og Þelamörk frá Suðurlandsvegi (1) austur undir Varmá að Laufskógum.

Þorlákshöfn:

Þorlákshafnarvegur (38) frá fiskverkunarhúsi Glettings h.f. að A-götu (700 m), um A-götu að syðri hafnargarði.

Grindavík:

Víkurbraut frá enda Grindavíkurvegar (43) við félagsheimilið Festi að kirkju. Ránargata frá Víkurbraut að höfn.

Sandgerði:

Garðskagavegur (45) (norðurgata) frá mörkum 350 m norðan Brekkustígs að

Brekustíg, um Brekkustíg, Tjarnargötu og Strandgötu að enda Reykjanesbrautar (41) við vegamót Garðskagavegar (45).

Gerðar, Gerðahreppi:

Gerðavegur frá Garðskagavegi (45) að hafnargarði.

Keflavík:

Reykjanesbraut (41) frá mörkum Njarðvíkurhrepps um Flugvallarveg, Hringbraut og að mörkum 110 m norðan enda Hringbrautar.

Ytri-Njarðvík:

Sjávargata frá Reykjanesbraut (41) að hafnargarði.

Innri-Njarðvík:

Njarðvíkurbraut frá Innri-Njarðvíkurvegi (422) að hafnargarði.

Vogar á Vatnsleysuströnd:

Hafnargata frá gatnamótum Vatnsleysustrandarvegar (420) og Vogavegar (421) að hafnargarði.

Hafnarfjörður:

Reykjavíkurvegur frá Hafnarfjarðarvegi (40) í Engidal, Fjarðargata og framhald Strandgötu suður yfir Hvaleyrarholt að vegamótum Reykjanesbrautar (41). Flatahraun milli Reykjavíkurvegar og Reykjanesbrautar (41). Lækjargata milli Strandgötu og Reykjanesbrautar (41).

Garðakauptún:

Vífilsstaðavegur (412) milli Hafnarfjarðarvegar (40) og Reykjanesbrautar (41).

Kópavogur:

Borgarholtsbraut-Digranesvegur milli Urðarbrautar og Vallartraðar.

Reykjavík:

Eiðsgrandi frá mörkum Seltjarnarneskaupstaðar; Hringbraut, Miklabraut og Vesturlandsvegur (1) að Höfðabakka; Kríglumýrarbraut frá Sætúni að Fossvogslæk; Sætún, Kleppsvegur, Elliðavogur og Reykjanesbraut (41) að Breiðholtsbraut; Fossvogsbraut frá Hringbraut við Sóleyjargötu, sunnan Öskjuhlíðar, um Fossvogsdal að Höfðabakka; Höfðabakki frá Vesturlandsvegi (1) að Breiðholtsbraut og Bæjarháls frá Höfðabakka að Tunguhálsi.

Seltjarnarnes:

Norðurströnd og Suðurströnd frá upphafi við Eiðsgranda hringinn kringum byggðina að enda við Eiðsgranda.

Mosfellssveit:

Framhald Hafravatnsvegar (431) frá Vesturlandsvegi (1) til norðvesturs frá Þverholti, ofan Markholtshverfis og á fyrirhugaðan Þingvallaveg (36) við Leiruvog (nálægt Hrossatanga).

Akranes:

Kirkjubraut frá Akratorgi að gatnamótum Esjubrautar; Akursbraut; Esjubraut frá gatnamótum Kirkjubrautar að gatnamótum Kirkjugarðsvegar og Akrafjallsvegar.

Borgarnes:

Borgarnesbraut (531) frá lóð Vegagerðar ríkisins um Borgarbraut og Brákarbraut að höfn í Brákarey.

Hellissandur:

Keflavíkurgata frá gatnamótum við Útnesveg (574) að enda hennar við Höskuldsá.

Ólafsvík:

Ólafsvíkurvegur (54) frá gatnamótum vestan Ytra-Klifs um Ólafsbraut og Ennisbraut vestur fyrir byggð. Ennfremur álma frá Ólafsbraut að efri enda Norðurgarðsbryggju.

Grundarfjörður:

Snæfellsnesvegur (57) frá Gilósi um Grundargötu vestur fyrir byggð ásamt álmu að höfn um Hrannarstíg.

Stykkishólmur:

Stykkishólmsvegur (58) frá gatnamótum Skipavíkurvegar um Túngötu að höfn.

Búðardalur:

Vestfjarðavegur (60) frá gatnamótum við mjólkurbú að gatnamótum 140 m norðan áhaldahúss Vegagerðar ríkisins og álma að höfn frá Vestfjarðavegi að Kaupfélagshúsum.

Patreksfjörður:

Barðastrandarvegur (62) frá Bergsstöðum um brú á Mikladalsá, um Aðalstræti, Strandgötu og Þórsgötu að hafnarbakka í Patrekshöfn.

Tálknafjörður:

Tálknafjarðavegur (617) (Strandvegur) frá innstu húsum í þéttbýlinu 170 m innan Geitár að ystu húsum í þéttbýlinu 180 m utan Hólsár.

Bíldudalur:

Ketildalavegur (619) frá vegamótum Bíldudalsvegar (63) við Litlu-Eyri um aðalgötuna í kaптúninu að Jaðri ásamt álmu að bryggju.

Píngeyri:

Vestfjarðavegur (60) frá mörkum 500 m austan vegamóta við Svalvogaveg (622), Svalvogavegur (622) frá vegamótum Vestfjarðavegar (60) um Fjarðargötu og Aðalstræti að Byggðarenda við Svalvogarveg (622) með álmu um Hafnarstræti út undir bryggju.

Flateyri:

Flateyrarvegur (64) frá vegamótum Eyrarhjallavegar um Hafnarstræti að bryggju.

Suðureyri:

Súgandafjarðarvegur (65) frá Höfða innan við syðsta hús um Aðalgötu út á móts við læk, sem rennur utan til við ysta hús kaптúnsins á svokölluðu Stekkjarnesi.

Bolungarvík:

Vestfjarðavegur (60) frá gatnamótum um 330 m sunnan við Hólsá, um nýjan veg og brú yfir ána, um Aðalstræti og Hafnargötu niður á brimbrjót.

Ísafjörður:

Vestfjarðavegur (60) frá Engi um Seljalandsveg, Bæjarbrekku, Túngötu og Fjarðarstræti að ristarhliði nyrst í bænum ásamt álmu um Hafnarstræti og Aðalstræti að bátabryggju.

Í Hnífsdalsbyggð: Vestfjarðavegur (60) frá gatnamótum Dalbrautar um Strandgötu út fyrir Heimabæjarvör svo langt sem sjóvarnargarður nær (um 200 m).

Súðavík:

Djúpvegur (61) frá heimreið að Eyrardal um Aðalgötu að gatnamótum Túngötu, ásamt álmu að hafnargarði.

Hólmavík:

Hólmavíkurvegur (68) frá Hvoli um Hafnarbraut og Höfðaveg niður á bryggju-tanga.

Hvammstangi:

Hvammstangavegur (72) frá gatnamótum Húnabrautar, Húnabraut og Brekkugata að Hvammstangavegi (72).

Blönduós:

Vestan Blöndu: Aðalgata frá Norðurlandsvegi (1) að gatnamótum austan hótels. Austan Blöndu: Húnabraut frá Norðurlandsvegi (1) að Hafnarbraut og Hafnarbraut að bryggju.

Skagaströnd:

Skagastrandarvegur (74) frá vegamótum austan við félagsheimili, um Fellsbraut, Oddabraut, Strandgötu og Skagastrandarveg (74) um 150 m norður fyrir gatnamót Bankastrætis.

Sauðárkrókur:

Skagavegur (745) frá mjólkursamlagi við Sauðárkróksbraut (75) um Skagfirðingabraut, Aðalgötu og Eyrarveg norður fyrir frystihús. Sauðárkróksbraut (75) frá mjólkursamlagi um Hegrabraut að NV horni flugvallar.

Hofsós:

Skólagata frá Siglufjarðarvegi (76) að Suðurbraut og Suðurbraut frá Austurgötu að grjóttgarði við höfn.

Siglufjörður:

Siglufjarðarvegur (76) frá Dalbæ um Hvanneyrarbraut, Aðalgötu og Gránugötu og Tjarnargötu að höfn.

Ólafsfjörður:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá nyrstu byggð um Aðalgötu að brú á ósi, ásamt álmu að hafnargarði og Ólafsfjarðarvegur eystri (802) að gatnamótum við fyrirhugað elliheimili.

Dalvík:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá barnaskóla um Skíðabraut, Hafnarbraut og Gunnarsbraut að Brimnesá með álmu að höfn.

Brísey:

Norðurvegur frá gatnamótum 180 m norðan Sólvallagötu að Brekkugötu, Austurvegur frá Brekkugötu að gatnamótum við Asíu og álma um Hafnargötu að höfn.

Akureyri:

Norðurlandsvegur (1) frá tengibraut um Hlíðarhverfi II (Hlíðabraut) um Hörgárbraut, Glerárgötu og veg skv. skipulagi austan Skipagötu og Hafnarstrætis að vegi, er liggur til vesturs um Búðagil skv. skipulagi.

Húsavík:

Norðausturvegur (85) frá Hjarðarholti um Stangarbakka, yfir Búðarárgil um Héðinsbraut að Baldurshaga.

Raufarhöfn:

Norðausturvegur (85) frá Klifi um Aðalgötu að syðstu byggð í kaптúninu (barnaskóla ásamt álmu að hafnarbryggju).

Þórshöfn:

Langesvegur (869) frá Bakkalæk (Hafnarlæk) um aðalgötu í gegnum kaup-túnið að hreppamörkum við oliustöð, með álmu að höfn.

Vopnafjörður:

Norðausturvegur (85) frá læknishústað úr Hamrahlið og inn Miðbraut að Hólmu, með álmu að bryggju hjá kaupfélagi.

Egilsstaðir:

Tjarnarbraut frá Norðfjarðarvegi (92) að gatnamótum við Árskóga.

Seyðisfjörður:

Seyðisfjarðarvegur (93) frá Hóli um Vesturveg að vegamótum Vestdalseyrrarvegur og Hánefsstaðavegar. Vestdalseyrrarvegur (951) frá vegamótum að götu að Vélsmiðjunni Stál og Hánefsstaðavegur frá vegamótum að læk sunnan lóðar Sildarverksmiðju ríkisins.

Neskaupstaður:

Norðfjarðarvegur (92) frá vegi að nýju hafnarsvæði um Strandgötu, Hafnarbraut og Egilsbraut að gatnamótum Eyrargötu.

Eskifjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Bleiksárbrú um Strandgötu upp Botnabraut að gatnamótum við Hátún. Helgustaðavegur (954) frá mótum Strandgötu og Botnabrautar um Strandgötu að hreppamörkum á Mjóeyri.

Reyðarfjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Kvíagilslæk um Aðalgötu að læk við Neðri-Bakka. Hafnargata frá Aðalgötu að höfn og Strandgata frá Hafnargötu vestur fyrir hús Kaupfélags Héraðsbúa og þaðan til norðurs að Aðalgötu.

Fáskrúðsfjörður:

Suðurfjarðavegur (96) frá Hreppamörkum við Heiði um Búðaveg að Búðalæk.

Stöðvarfjörður:

Suðurfjarðavegur (96) frá ristarhliði við Sellæk að gatnamótum 100 m norðaustan við Sólhól.

Breiðdalsvík:

Breiðdalsvíkurvegur (97) frá gatnamótum við Kolluhraun (400 m norðan kaupfélags) að gatnamótum við kaupfélag og Hafnarbraut að Hafnargarði.

Djúpivogur:

Djúpavogsvegur (98) frá mörkum 250 m sunnan prestsseturs framhjá kirkju að höfn með álmu að sildarbræðslu nyrst við Gleiðuvík.

Höfn í Hornafirði:

Hafnarvegur (99) frá gatnamótum Vesturbrautar að gatnamótum Víkurbrautar. Víkurbraut frá hóteli að bryggju í Álaugarey.

2. gr.

Um framkvæmdir við lagningu og viðhald þjóðvega samkv. 1. gr., svo og greiðslu kostnaðar, skal farið samkv. reglugerð um ríkisframlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum frá 2. desember 1964.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 66 14. júlí 1975, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 410 27. desember 1973 og reglugerð nr. 403 29. ágúst 1975, um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 24. júní 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.